



Bandaríska veðurstofan segir að ofsavæðrið sem gengið hefur yfir Texas í Bandaríkjunum undanfarna daga eigi sér engin fordæmi. Afleiðingar þess séu meiri en nokkur dæmi séu um í landinu. Öttast er að í það minnsta fimm manns séu láttnir og á annan tug slasaðir vegna fellibyljarins Harvey og ofsafloðanna sem honum hefur fylgt. Björgunarfólk hefur staðið í ströngu og aðstoðað nokkrar þúsundir manna síðustu tvo sólarhringa. Varað hefur verið við frekari mannskæðum flóðum í fylkinu á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kínverjar vilja kaupa milljarða jörð

Fyrsta milljarðajörðin á Íslandi, Neðri-Dalur í Biskupstungum, gæti verið á leið í hendurnar á kínverskum fjárfestum sem hafa lýst yfir áhuga á jörðinni. Vilja þeir nýta heita vatnið undir ferðapjónustu. Allt að 70 prósent ferðamanna stoppar í næsta nágrenni.

VIÐSKIPTI Kínverskir fjárfestar hafa áhuga á að skoða kaup á jörðinni Neðri-Dal í Biskupstungum. Ásett verð er 1,2 milljarður króna en jörðin er 1.200 hektarar að stærð og er sú næsta við Geysissvæðið í Haukadali.


„Horfa þeir helst til staðsetningar jarðarinnar og þess að þar er heitt vatn,“ segir Böðvar Sigurbjörnsson, fasteignasali hjá Stakfelli sem hefur jörðina til sölu. Á jörðinni er nokkurt

magn af nýtanlegu heitu vatni og þær prófanir sem gerðar hafa verið, gefa vísbendingu um talsvert meira magn af heitu vatni í jörðu.

„Hyggjast þeir byggja upp ferðamannatengdan iðnað og kemur þar nýting heita vatnsins verulega við sögu,“ bætir Böðvar við. Jörðin er gríðarlega stór og auk heita vatnsins sem þar er að finna er þar kaldavatsnslind, á með silungi og laxi og Bjarnafell til-

heyrir jörðinni með sinu útsýni. Þess utan liggur jörðin auðvitað við einn fjölfarnasta ferðamannastað landsins.

Átta bræður eiga jörðina og munu þeir taka smá skika fyrir sumar-bústaði sína. Töluverðar þreifingar hafa verið síðan jörðin fór í söluferli hjá Stakkafelli en búið er að útbúa myndarlega sölukynningu á jörðinni á íslensku og ensku. benediktboas@365.is



Neðri-Dalur er með Geysissvæðið í bakgarðinum. MYND/STAKKAFELL

Ungfrú Ísland farin til Flórída

SAMFÉLAG Ólafía Ósk Finnsdóttir var krýnd Ungfrú Ísland í feðurðarsamkeppninni sem fór fram í Hörpu á laugardaginn. „Erfiðast var örugglega að labba svona hægt og halda jafnvægi á skónum í kjólaatriðinu en æfingin skapar meistaran,“ segir Ólafía, sem býr sig nú undir Miss World í Kína og önnur góðgerðarstörf á meðan hún ber titilinn, en Ólafía hefur lengi dreymt um að sinna góðgerðarstörfum. Fyrst

ætla feðurðardísir að hvíla sig og njóta sólarinnar í Flórída með kærastanum. „Ætli ég hafi ekki líka lögilda ástæðu núna til að kaupa mér ný fót,“ segir Ólafía og skellir upp úr.

– mh / sjá síðu 26

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Öryggi borgara í miðborginni eykst með fjölgun myndavéla. **4**

FRÉTTIR FÍB vill lægri iðgjöld í ljósi gríðarlegs hagnaðar tryggingafélaganna. **6**

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Júlídeiluna sem getur snúist um nánast hvaðeina. **9**

SPORT Það kom ekkert á óvart er Craig Pedersen valdi EM-hópin í kórffubolta í gær. **14**

SPORT Heitt undir Arsene Wenger hjá Arsenal. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI

NUTRILENK GOLD


www.artasan.is

Dale Carnegie

Skapaðu nýtt sjónarhorn
Ókeypis kynningartími
30. ágúst kl. 20:00

Ármúli 11, 3. hæð
Skráning á www.dale.is

Veður



Breytileg og síðar norðlæg átt, 3-10 í dag. Rigning norðan- og austantil. Heldur hvassari norðvestanátt austast um kvöldið og styttr smám saman upp syðra. **SJÁ SÍÐU 20**

Leynigesturinn var Snowden

STJÓRN MÁL Á aðalfundi Pírata var boðið upp á leynigest en uppljóstrarinn Edward Snowden var kynntur inn með vísan í hans fyrsta tíst: Can you hear me now?

Snowden ávarpaði fundinn í gegnum vefmyndavél en hann er staddur í Moskvu þar sem hann hefur farið huldu höfði undanfarin fjögur ár.

Hann er eftirlýstur af bandarískum stjórnvöldum. Hugrekki Snowdens í baráttu hans fyrir upplýsingafrelsi og gegnsæi var ástæða þess að hann var bedinn um að ávarpa fundinn.

Segir í tilkynningu Pírata að Snowden hafi átt að blása Pírötum endurnýjuðum baráttuanda í brjóst. – bb



Edward Snowden

Ferðamenn flykkjast í Reykjadal



Erlendir ferðamenn flykkjast í heitu laugarnar í Reykjadal, skammt frá Hveragerði, til að njóta náttúrubaðs fjarri augnatilliti baðvarða sundlauga landsins. Engin sturtu- eða fataskiptaaðstaða er á staðnum en tröppur og tréþallar bæta verulega aðgengi að laugunum og minnka líkur á að fólk fari sér að voða í umhverfi lauganna. Sögur herma að staðurinn sé vinsælastur meðal heimamanna eftir að skyggja tekur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air

Áform WOW air valda titringi í Bandaríkjunum

VIÐSKIPTI Hlutabréf í bandarísku flugfélögunum Delta, American Airlines og United Airlines féll í verði eftir að WOW air tilkynnti á miðvikudag að félagið hefði bætt við fjórum nýjum áfangastöðum í Bandaríkjunum.

WOW air hyggst hefja flug til bandarísku borganna St. Louis, Cincinnati, Cleveland og Detroit, en flogið verður til borganna, sem eru allar í miðvesturhluta landsins,

fjórum sinnum í viku í nýjum Airbus A321 vélum flugfélagsins. Félagið mun því alls fljúga til tólf bandarískra borga.

Eftir að fregnir bárust af áformum íslenska flugfélagsins tóku hlutabréf nokkurra bandarískra flugfélaga dýfu, að því er segir í þarlandum viðskiptamiðlum. Þannig lækkaði gengi bréfa í Delta um 2,06 prósent, í American Airlines um 3,17 prósent og United Airlines um 2,89 prósent. – kj

Þúsundir nutu tónlistar Hringadróttinssögu

Yfir 200 listamenn fylltu sviðið í Eldborg og fluttu þriggja tíma óskarsverðlaunatónlist í svokölluðu hljómleikabíói. Skipuleggjendur íhuga nú framhald á næsta ári. Stjórnandinn þarf að vera í takt við myndina, segir skipuleggjandi.

MENNING Á fimmta þúsund gestir sáu Föruneyti hringsins, fyrstu mynd þrileiks Hringadróttinssögu, undir lifandi tónlist Howard Shore í Eldborgarsal Hörpu um helgina.

„Það kemur sterklega til greina að endurtaka leikinn á næsta ári og þá með Two Towers, segir Guðbjartur Finnbjörnsson, framkvæmdarstjóri Hljómleiks ehf., sem stóð fyrir sýningum á myndinni undir lifandi flutningi óskarsverðlaunatónlistar myndarinnar. Það var auðvitað alltaf hugmyndin, vitandi af hinum tveimur myndunum því það býður upp á framhald, segir Guðbjartur og bætir við. „Þetta gekk upp, það hefur selst upp á allar sýningarnar og ég vona að allir hafi verið glaðir með þessa upplifun.“

Yfir 230 listamenn fylltu svið Eldborgar og fluttu tónlist myndarinnar, sem Shore hlaut óskarsverðlaun fyrir á sínum tíma, fyrir fullum sal áhorfenda á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Tónlistin var flutt af Sinfóníuhljómsveitinni SinfoNord, kórum Filharmóníu og Hljómeykis og barnakór Kársnes-skóla. Bjartur Clausen og Kaitlyn Lusk sungu einsöng. Herlegheitunum stjórnaði Ludwik Wicki með aðstoð Shih-hung.

„Myndin var sýnd á mjög finum skjá en nú var verið að færa þessa frábæru óskarsverðlaunatónlist fyrir framan myndina og setja hana í aðalhlutverk með myndina sjálfa í aukahlutverki og það skapar alveg nýja vídd í bíó,“ segir Guðbjartur og jatar því aðspurður hvort það sé ekki flókið verkefni að setja upp svona verkefni. „Það er stjórnanda hljómleiks ehf. að tryggja að



Fróði og félagar hans í föruneyti hringsins hafa trúlega aldrei hljómað betur en einmitt í Eldborgarsal Hörpu í gær og alla helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er stjórnanda hljómleiks ehf. að tryggja að tónlistin sé í fullkomnum takti við atriði myndarinnar.

Guðbjartur Finnbjörnsson, framkvæmdarstjóri Hljómleiks ehf.

tónlistin sé í fullkomnum takti við atriði myndarinnar,“ segir Guðbjartur og nefnir sérstaklega hin flóknu bardagaatriði sem dæmi þar sem tónlistin þarf að fanga hvert einasta kjaftshögg og sverðabyt á hárréttu augnabliki.

Föruneyti hringsins hlaut fern Óskarsverðlaun árið 2002, þar á meðal fyrir tónlist Howard Shore. Auk óskarsverðlauna hefur Shore hlotið fjölda verðlauna og tilnefninga fyrir tónlist sína í þrileik Hringadróttinssögu og annarra kvikmynda. adalheidur@frettabladid.is

Apótek
Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir



Verð frá: 5.350.000 kr.

Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
Verðmæti: 780.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Veitingar uppi á Skálafelli og kláfur sem nær alla leið upp á topp

SKIPULAGSMÁL Verkfræðistofan Mannvit fyrir hönd Þórdísar Jóhannsdóttur, eiganda jarðarinnar Stardals, skoðar nú möguleika á því að koma fyrir kláfi á Skálafelli og byggja veitingastað uppi á fjallinu.

„Tilgangur með uppsetningu kláfs á Skálafelli er að gefa fólki tækifæri á að komast upp á tind fjallsins og njóta þess þar hversu víðsýnt er til allra átta,“ vitnar Skipulagsstofnun í erindi frá

Mannviti vegna verkefnisins. Auk þess sem fólk geti notið útsýnisins opnast séu aðgengilegar öllum í dag.

„Þá mun kláfurinn einnig gegna hlutverki skiðalyftu á vetrum þegar nægur snjór er í fjallinu en þannig fengjust talsvert lengri skiðabrekkur en svæðið býður upp á í dag. Á toppi Skálafells er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna auk veitingastaðar, sam-

» **Á toppi Skálafells er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna auk veitingastaðar, samtengt toppstöð kláfsins.**

Úr umsögn Skipulagsstofnunar

tengt toppstöð kláfsins,“ segir Skipulagsstofnun í bréfi sem fylgir erindi Mannvits til Reykjavíkurborgar.

Þar er greint frá áformunum og hvernig þau horfa við stofnuninni í skipulagslegu tilliti. Miðað við umfangið þurfi verkefnið að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Nánar segir um framkvæmdina að kláfurinn eigi að fara um tveggja kílómetra leið frá bílastæði upp á topp fjallsins. Fyrir það þurfi tölfmötur auk endamastra. Í umfjöllun sinni bendir Skipulagsstofnun á að svo virðist sem

misstök hafi orðið við gerð aðalskipulags Reykjavíkur þannig að skiðasvæðið í Skálafelli sé skilgreint sem óbyggt svæði. Þá virðist sem mannvirki á toppi Skálafells eigi að vera innan marka Kjósarhrepps en ekki Reykjavíkur. Búast má við að erindið verði tekið fyrir á næsta fundi umhverfis- og skipulagsráðs og að þá verði lögð fram umsögn frá verkefnisstjóra hjá borginni. gar@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir hafi allt uppi á borðum

VÍÐSKIPTI Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur að íslensku lífeyrissjóðirnir verði að ganga lengra í að auka gagnsæi um starfsemi sína. „Ég álit að það eigi að vera algjört gagnsæi um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, til dæmis í hverju þeir fjárfesta, hvernig þeir beita sér, með hvaða stjórnarmanni þeir greiða atkvæði á hluthafafundum og hvaða tillögur þeir leggja fram,“ segir hann.

Aukið gagnsæi í starfsemi sjóðanna er að mati Páls mikilvægt vegna þess hve umfangsmiklir þeir eru á hlutabréfamarkaði – en ríflega 40 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa er í höndum sjóðanna – og eins í ljósi þess að þeir fara með fé almennings.

Páll segir lífeyrissjóðina enn eiga mikið verk fyrir höndum að bæta gagnsæi í fjárfestingarákvörðunum sínum. Margir þeirra þyrftu til að mynda að setja sér skýrari reglur um hvernig þeir beita sér sem fjárfestar í fleiri en einu félagi á sama samkeppnismarkaði.

Páll segir þó að miðað við mikið umfang sjóðanna á innlendum hlutabréfamarkaði sé óraunhæft að ætla þeim að sitja á hliðarlínunni. Þeir eigi að beita sér af öllu afli, með sams konar hætti og aðrir fjárfestar, og vernda þar með hagsmuni sína og sjóðfélaga.

„Það er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir hafi svigrúm til að beita sér af afli þegar þess er þörf, því þeir fara með fé almennings.“ Misráðið væri að gera þá algjörliga valdalausla. – **kj**



Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

Fjöldi eftirlitsmyndavéla hefur rúmlega tvöfaldast á árinu

Yfirlögregluþjónn segir að öryggismyndavélar nýtist á hverjum degi. Einn tilgangur myndavéla er að vakta lögreglubíla og neyðarbíla sem fá ekki að vera í friði þegar þeir eru í útköllum. Jafnvel tvær númeraplötumyndavélar pantast sem myndi léttastörflögglunnar. Fleiri sveitarfélög skoða slíkar myndavélar.

SAMFÉLAG „Við erum að nýta þessar eftirlitsmyndavélar á hverjum einasta degi, líka á þessum stóru dögum eins og Gay Pride og Menningar-nótt og í raun og veru um hverja helgi þegar tilkynnt er um atvik í miðborginni,“ segir Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Búið er að koma upp 40 eftirlitsmyndavélum á 31 stað í miðborg Reykjavíkur. Í janúar síðastliðnum voru aftur á móti myndavélar á 15 stöðum í miðborginni. Búist er við að myndavélunum fjölgi enn frekar og í ráði er að koma að minnsta kosti einni, jafnvel tveimur númeraplötumyndavélum upp. Slík myndavél skannar númer bílsins og lögreglan fær þá uppgæfnar allar upplýsingar um ökutækið í rauntíma.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er mikill áhugi á uppsetningu sambærilegra myndavéla í öðrum sveitarfélögum og er undirbúningur þess mislangt kominn. Nokkur sveitarfélög hafa þegar komið upp myndavélum. Samkomulag um slíkar myndavélar í Reykjavík felur í sér að Reykjavíkurborg kaupir myndavélar, neyðarlínan sér um uppsetningu, viðhald þeirra og flutning merkis og lögreglan sér um vöktun og viðbragð.

Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn bendir á að myndir úr eftirlitsmyndavélum séu notaðar í rauntíma á meðan lögreglubílar eru á leiðinni á vettvang. „Þá eru myndavélar skoðaðar og reynt að ná mynd af atburðum og kannað hvort hlutirnir eru eins og tilkynnt er og reynt að ná myndum af gerendum og atburðum sjálfum,“ segir Ásgeir. Hann telur vélarnar hafa



Eftirlitsmyndavélar hafa löngu sannað gildi sitt í miðborginni, að mati lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KOLBEINN TUMI

margsannað gildi sitt. „Bæði sem forvörn og svo hafa þær líka orðið til að upplýsa brot. Það er alveg klárt,“ segir hann.

Ásgeir segir að myndavélar séu oft notaðar til að vakta lögreglubíla og bíla neyðaraðila þegar þær eru í notkun í miðbænum. „Það er nú þannig að menn hafa verið að krotta á lögreglubíla og jafnvel að stela úr sjúkrabílum og þar fram eftir götunum. Við notum vélarnar til að vakta það. Eins líka þegar lögreglumenn eða neyðaraðilar eru að fara á vettvang, þá notum við myndavélar til að vakta í

rauntíma til að fylgjast með að við séum með nægjanlegan mannskap og hvort þeim takist að leysa verkefni án þess að fá liðsauka,“ segir hann.

Þegar eftirlitsmyndavélar voru fyrst teknar í notkun, fyrir fáeinum áratugum, sættu þær gagnrýni þar sem þær þóttu skerða friðhelgi einkalífs. Ásgeir segir viðhorfið hafa breyst. „Fólk er orðið vant því að það séu myndavélar allstaðar og það eru myndavélar allstaðar í farsímum, í flestum verslunum sem fólk kemur inn er það í mynd þannig að ég held að fólk sé farið að

horfa meira á þetta sem öryggisatriði heldur en að þetta sé takmörkun á persónufrelsi,“ segir hann. Þá skipti líka miklu máli að hafa í huga að einungis lögreglan hefur aðgang að myndefninu.

Hann telur líkur á því að myndavélunum verði fjölgað enn frekar. „Við eigum eftir að taka lokaúttekt á því hvort við séum með nægjanlega margar vélar til að sjá þau svæði sem við erum að reyna að vakta eða hvort það eru einhverjar gloppur eða eitthvað sem við verðum að bæta,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin opna nýjar leiðir í samskiptum og auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





PANTABU EXTRA
FYRIR 30. SEPT.
OG FÁÐU EITTVÁÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan
DACIA ef þú pantar fyrir 30. september

DACIA LOGAN

**ÞÝ OG ENDURBÆTT INNRETTING - BAKKMYNDAVÉL
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU**



Verð:

2.590.000 kr.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri **3,8 L/100 km***

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan
Tucson að verðmæti **150.000 kr.**

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstólva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.



www.dacia.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533


Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Höfuðstöðvar Goldman Sachs í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Innherjar selja bréf í bönkum

BANDARIKIN Bankastjórar og stjórnarmenn í stærstu bönkum Bandaríkjanna hafa selt hluta af bréfum sínum í bönkunum á þessu ári, samkvæmt nýrri greiningu Financial Times.

Greiningin leiddi í ljós að innherjar í sex stærstu bönkum landsins, JPMorgan Chase, Bank of America, Wells Fargo, Citigroup, Goldman Sachs og Morgan Stanley, hafa samantlagt selt 9,32 milljónir hlutabréfa í bönkunum það sem af er árinu. Söluandvirðið nemur hundruðum milljóna dala.

Þróunin er ólík því sem var í fyrra, en þá keyptu innherjarnir milljónir hlutabréfa í bönkunum. Eftir að hafa snarhækkað í kjölfar kosningasigurs Donalds Trumps í nóvember í fyrra hefur gengi hlutabréfa í bandarískum bönkum tekið að lækka undanfarna mánuði. Má rekja ástæðuna að hluta til efasemaða fjárfesta um að ríkisstjórn Trumps takist að lækka skatta og draga úr reglubyrði atvinnulífsins, eins og hún hefur lofað. – kij

Angela Merkel segist ekki sjá eftir neinu

ÞÝSKALAND Angela Merkel Þýskalandskanslari segist ekki sjá eftir ákvörðun sinni um að opna landamæri Þýskalands fyrir milljónum flóttamanna fyrir tveimur árum. Í viðtali við Þýska dagblaðið Welt am Sonntag í gær hafnaði Merkel því að hafa gert mistök með ákvörðun sinni. Hún viðurkenndi þó að ákvörðunin hefði verið umdeild og valdið djúpstæðum klofningi á meðal kristilegra demókrata, flokks hennar.

Kosið verður til þings í Þýskalandi 24. september. Samkvæmt skoðanakönnunum mælist flokkur Merkels með 38 prósentu fylgi eða um fimmtán prósent meira fylgi en sósíaldemókratar. Fylgi kristilegra demókrata hefur aukist um sex prósent síðustu sex mánuði, en er þó enn fyrir neðan kjölfylgið í síðustu kosningum árið 2013, sem var 41,5 prósent. Merkel sagði í viðtalinu að hún myndi taka sömu ákvörðun aftur, gæfist henni kostur á því. „Það voru óvenjulegar aðstæður uppi og tók ég ákvörðunina á grunni þess sem ég taldi að væri rétt, bæði pólitískt séð og út frá mannúðarsjónarmiðum.“ – kij



Angela Merkel
Þýskalandskanslari

Vinsældir Macrons dala

FRAKKLAND Meirihluti Frakka segist nú vera óánægður með störf Emmanuel Macrons, nýkjörins forseta landsins, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Ifop. 57 prósent landsmanna eru ekki ánægð með forsetann og hafa vinsældir hans dalað allverulega undanfarnar vikur. Til samanburðar sögðust 43 prósent landsmanna óánægðir með störf Macrons í síðasta mánuði.

Hlutfallið var enn lægra í júnimánuði eða rúmlega 30 prósent.

Samkvæmt könnun Ifop segjast 36 prósent Frakka ánægð með forsetann en aðeins fjögur prósent eru mjög ánægð. Macron tók við forsetaembættinu í maímánuði.

Christophe Castaner, talsmaður frönsku ríkisstjórnarinnar, segir ríkisstjórnina ganga nú í gegnum erfiða tíma. Hún einbeiti sér ekki að því að koma vel út úr skoðanakönnunum, heldur að því að hrinda kerfisumbótum í framkvæmd, líkt og Macron lofaði í aðdraganda forsetakosninganna. „Við ætlum okkur að gerbreypa landinu,“ segir hann. – kij

Emmanuel Macron, forseti Frakklands



CCG

As a christian church known by many from our internet page ccg.org, we know there is considerable interest for our literature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at secretary@ccg.org

FÍB vill lægri iðgjöld í ljósi mikils hagnaðar

Samanlagður hagnaður VÍS, Sjóvá, og TM eykst um 2,7 milljarða króna milli ára. Öll félögin skila betri afkomu á fyrri helmingi árs 2017 en á sama tímabili 2016. Framkvæmdastjóri FÍB telur þetta tilefni til lækkunar iðgjalda.

VIÐSKIPTI Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, telur að góð afkoma stærstu tryggingafélaga landsins á fyrri helmingi ársins gefi tilefni til að lækka iðgjöld.

„Miðað við þessar tölur sem við erum að sjá núna um jákvæða afkomu tryggingafélaganna, þá virðist ganga töluvert betur með váttryggingastarfseminu og þar veiga til að mynda bílatryggingar einna þyngst. Á sama tíma höfum við verið að horfa upp á það að iðgjöld ökutækjatrýgginga hafa verið að hækka langt umfram vísitölu. Þannig að það er mín sýn að það sé tilefni til lækkunar á iðgjöldum ökutækjatrýgginga,“ segir Runólfur.

Stærstu tryggingafélög landsins högnuðust um 4,8 milljarða króna á fyrri árhelmingi 2017. Um er að ræða verulegan viðsnúning milli ára en á sama tímabili í fyrra högnuðust félögin um 2,1 milljarð króna.

„Á einu ári hefur vísitala ábyrgðatrýggingar hækkað um sex prósent og við erum innan þriggja prósentu viðmiðunarmarka Seðlabankans



Runólfur Ólafsson

í sambandi við verðlagsþróun almennt. Þannig að þetta hefur hækkað langt umfram þróun verðlags,“ segir Runólfur.

„Á sama tíma er vísitala reksturs eigin bifreiðar sex prósentum lægri en hún var fyrir ári síðan. Þannig að það er klárlega lag til að koma til móts við almenna bílaeigendur,“ segir Runólfur.

Gengi hlutabréfa í tveimur af tryggingafélögunum hækkuðu í gær eftir afkomutilkynningarnar. Hlutabréf í Sjóvá lækkuðu um 0,9 prósent, en hlutabréf í VÍS hækkuðu um 3,47 prósent og í TM um 3,29 prósent.

Mestur viðsnúningur er hjá VÍS sem hagnaðist um 1.107 milljónir króna á ár, samanborið við 238 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Hagnaður á hlut nam 0,50 krónum

samanborið við 0,10 krónur fyrir sama tímabil árið 2016.

Í tilkynningu segir að félagið hafi frá árinu 2015 unnið að breytingum á iðgjöldum til að bregðast við mikilli hækkun í tíðni tjóna og tjónakostnaðar. Því sé niðurstaða fjórðungsins gleðiefni og vonast er til að farið sé að draga úr þessari miklu hækkun tjónakostnaðar.

Hagnaður TM á öðrum ársfjórðungi var 909 milljónir króna en hagnaður á fyrri helming ársins nam 1.875 milljónum króna. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var ríflega 200 milljónum króna meiri en kom fram í afkomuviðvörðun félagsins þann 18. júlí síðastliðinn. Betri afkoma skýrist einkum af hærri fjárfestingatekjum vegna endurmats á óskráðum hlutabréfum segir í tilkynningu.

Hagnaður Sjóvá jókst um 1.100 milljónir milli ára og nam 1.803 milljónum á fyrri árhelmingi. Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta nam 250 milljónum króna. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam 539 milljónum króna. saeunn@frettabladid.is



Eiginkonur kyssast í lok ólöglegar hjónavígslu sem framkvæmd var á fjölmönnum baráttufundi fyrir hjúskaparréttindum samkynhneigðra í Melbourne í Ástralíu á laugardag. Þrettán ár eru liðin frá því að hjónaband samkynhneigðra var bannað með breytingu á hjúskaparlöggjöf landsins. Netkosning meðal almennra borgara um afléttingu hefst í Ástralíu 12. september næstkomandi. Niðurstaðan verður ekki bindandi fyrir löggjafann en forsætisráðherra landsins telur að réttarbótin muni sigla í gegn bæði hjá þjóð og þingi. NORDICPHOTOS/GETTY

Háskólinn býður nýnema velkomna

SKÓLAMÁL Það verður líf og fjör í Háskóla Íslands næstu daga þegar sérstakir nýnemadagar fara fram. Bóðið verður upp á fjölbreytta dagskrá alla vikuna þar sem fræðsla og fjör ræður ríkjum, að því er segir í fréttatilkynningu frá Háskóla Íslands.

Nærri 7.300 umsóknir um grunn- og framhaldsnám bárust Háskóla Íslands fyrir komandi skólaár. Alls voru umsóknir um grunn nám 4.450 og umsóknir um framhaldsnám 2.830.

Nýnemadagarnir hefjast á morgun, en þá verður meðal annars kynnt sú þjónusta sem nemendum stendur til boða. Býður Stúdentaráð nýnemum auk þess í gönguferð um háskólasvæðið í hádegjunu.

Einnig verður eitthvað um skemmti- viðburði í vikunni, en sem dæmi mun Háskóla Íslands syngja fyrir gesti og gangandi á Háskólatorgi og Háskóladansinn heldur glæsilega danssýningu, að því er segir í tilkynningunni. – kij



Fjölmargir hefja nú nám við Háskóla Íslands. MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með námi hjá Promennt



FRÆÐSLUSKÝLIÐ



STAÐKENNLA



FJARKENNSLA Í BEINNI



LÁNSHÆFT NÁM

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **4. okt** • Morgun- og kvöldhópur • **22 skipti**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **19. sept.** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

UPPLIFUN NEMENDA

„Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til. Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaránám fyrir lengra komna.“

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífíð.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
- Námið skiptist í sex hluta:
 - Bókhald – grunnur
 - Bókaránám fyrir lengra komna
 - Skattskil einstaklinga með rekstur
 - Viðurkenndur bókari

Hefst **4. október** • Lýkur í desember 2018

SKRIFSTOFUSKÓLI

EINSTAKT VERÐ

- Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur ekki lokið framhaldsskóla. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **52.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 249.000 kr.

Hefst **4. september** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

STÖK NÁMSKEIÐ

Excel fyrir bókara • Excel frh. og Pivot greiningar
Excel grunnur • Skattskil einstaklinga með rekstur
Navision fjárhagsbókhald • Inngangur að reikningskilum

Hjartað slær



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Hugur minn og hjarta slær í Kópavogi og ég tel ágætt að setja punkt aftan við þingmennskuna um áramótin,“ sagði Theodóra S. Þorsteinsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar í Kópavogi og þingmaður flokksins, þegar hún greindi frá því í viðtali við Kópavogspóstinn að hún hafi ákveðið að segja af sér þingmennsku um næstu áramót. Ástæðuna segir Theodóra vera að þingið virðist henni vera óskilvirk málstofa þar sem mál eru ekki rædd með það að markmiði að komast að eins farsælli niðurstöðu og mögulegt er, heldur eru afgreidd eftir að þau koma úr ráðuneytum fyrir ríkisstjórn.

Sitt sýnist hverjum um þessa ákvörðun Theodóru. En eitt er víst að þarna lýsir hún íslenski stjórnmalamenningu og ástandi sem þjóðin hefur lengi verið meðvitúð um, en enn ekki áorkað að breyta. Meirihlutinn ver sáin eigin hugmyndir, auk þess að hafna öllu sem kemur frá minnihlutunum, á kostnað faglegrar og uppbyggilegrar umræðu samfélaginu til góðs. Þessi þjósnalega og frumstæða stjórnmalamenning hefur lengi verið vandamál og eftir efnahagshrunið sá þjóðin afleiðingarnar. Valdhafar sátu á upplýsingum og gáfu þannig ekki færi á samræðu til þess að leita lausna og var á endanum vísað út af þjóðinni með skít og skömm.

Þessir atburðir urðu til þess að upp spruttu nýjar stjórnmalahreyfingar með nýjar hugmyndir sem höfðu það jafnvel að aðalstefnumáli að breyta þessu. Að breyta íslenski stjórnmalamenningu til hins betra og leysa þjóðina undan ánauð ráðherra- og þingmeirihlutavalds. Að afleggja fúskið sem felst í því að á stundum finnst manni eins og þingmeirihlutinn gæti allt eins verið úti á golfvelli og greitt atkvæði í gegnum símann því svo lítið fer fyrir eiginlegri samræðu.

Þjórt framtíð, flokkur Theodóru, var einmitt svona stjórnmalaafl sem vildi bæta stjórnmalamenninguna. En vandinn er að það reynir aldrei á raunverulegan vilja til breytinga fyrir en flokkur er kominn í meirihluta. Og það sem er raunalegast af öllu er að það er vandfundinn sá flokkur sem hefur jafn snarlega aðlagð sig gömlu stjórnmalamenningunni á Alþingi og Þjórt framtíð. Öllum málum sem stjórnarandstaðan hefur tekið upp á Alþingi til þessa hefur verið hafnað á leifturhraða og þar hefur Theodóra S. Þorsteinsdóttir ekki látið sitt eftir liggja.

Það má því vel halda því fram að það sé virðingavert hjá Theodóru að viðurkenna ástandið og yfirgefa skútuna. En í því eru auðvitað í fölginn uppgjöf og ákveðin svik við þá kjósendur sem kusu hana einmitt til þess að hafna fúskinu og breyta íslenski stjórnmalamenningu til hins betra. Staðurinn til þess er fyrst og fremst á Alþingi Íslendinga og möguleikarnir til þess eru alltaf meiri fyrir þá þingmenn sem tilheyra meirihlutunum. Það eru því vonbrigði að Theodóra kjósi að gefast upp en ætli sér samt ekki að gera það fyrir en henni sjálfri hentar. Vonbrigði að hennar pólitíska hjarta slái aðeins fyrir Kópavog en ekki þá sem komu henni á þing og þjóðina sem þarf svo sárlega á bættari stjórnmalamenningu að halda.

En í því eru auðvitað í fölginn uppgjöf og ákveðin svik við þá kjósendur sem kusu hana einmitt til þess að hafna fúskinu og breyta íslenski stjórnmalamenningu til hins betra.

Halldór



Frá degi til dags

Dýrt klúður

Svo virðist sem hörmungarsaga Orkuveituhússins ætli að verða sagan endalaus. Á föstudag greindu forsvarsmenn Orkuveitunnar frá því að vesturhús höfuðstöðvanna lægi undir alvarlegum rakaskemmdum. Mun það kosta opinbera fyrirtækið rúman 1,7 milljarð króna hið minnsta að lagfæra húsið.

Kostnaður við byggingu hússins slagar hátt í ellefu milljarða króna á núverandi verðlagi sem gerir það að einu dýrasta húsi landsins. Í ofanálag seldu stjórnendurnir húsið til fjárfesta og leigðu það af þeim með þeim skilmálum að fyrirtækið stæði undir öllum kostnaði við viðgerðir á húsinu. Reykvískir orkunotendur sitja því uppi með himinháar leigugreiðslur og milljarða viðgerðakostnað.

Kerfið virkar ekki

Alvarlegur vandi blasir við sauðfjörubændum. Afurðaverð hefur hriðfallið og horfa bændur upp á tekjuskeroðingar í haust. Það er hins vegar mikil einföldun að halda því fram að vandinn sé skyndilegur. Hann er bæði fyrirsjáanlegur og uppsafnaður og felst í arfaslæmum búvörusamningi sem hefur stuðlað að gegndarlausri offramleiðslu.

Lausnin felst ekki í því að ríkið borgi bændum fyrir aukna framleiðslu, eins og sumir kalla eftir, heldur að bændur dragi einfaldlega úr framleiðslunni. kristinni@frettabladid.is

Hvernig losnum við undan verðtryggingunni?



Jóna Sólveig Elinardóttir
varaformaður
Viðreisnar

Ungt fólk á Íslandi í dag tekur helst verðtryggð lán til húsnæðiskaupa vegna þess að þau bjóða upp á lægri og þar með viðuráðanlegri afborganir um hver mánaðamót. Fæstir hafa með öðrum orðum efni á því að taka óverðtryggð lán og flestir þeirra sem taka þau gera það aðeins að hluta til. En verðtryggingin er samt óþolandi viðbót við þá alltof háu vexti sem við greiðum í dag af lánunum okkar og hvoru tveggja kemur til vegna óstöðugleika íslensku krónunnar. Það er sú rót vandans sem við þurfum að ráðast að.

Með því að festa krónuna við evru, t.d. með myntraði eins og við í Viðreisn tölum fyrir, náum við fram stöðugleikanum sem þarf til að lækka vexti og losna undan verðtryggingunni. Verðtryggingin yrði einfaldlega óþörf. Og það er miklu betri aðferð af því en að boða „afnám“ illskasta lánakostsins fyrir ungt fólk, eins og sumir flokkar hafa talað fyrir. Þess vegna er baráttan fyrir breytingum sem stuðla að stöðugu lágvaxtaumhverfi án verðtryggingar eitt af meginverkefnum Viðreisnar á kjörtímabilinu. Að ná böndum um íslensku krónuna er lykillinn að árangri þar.

Stöðugur gjaldmiðill breytir nefnilega myndinni. Í Danmörku t.d. býr fólk ekki við háa vexti og verðtryggingu. Danska krónan er bundin evrunni á grundvelli samkomulags milli Seðlabanka Danmerkur og Seðlabanka Evrópu og sveiflast því algjörlega í takti við evruna. Þannig tryggja stjórnvöld Dönum og dönskum fyrirtækjum stöðugleika, lágt vaxtastig og líf án verðtryggingar. Þetta þýðir jafnframt að Danir geta eignast húsnæðið sitt án þess að borga það margfalt eins og við Íslendingar gerum. Á meðan við búum við sveiflukennða krónu verður verðtryggingin ill nauðsyn, bæði fyrir lánveitendur en ekki síður fyrir lánþakendur sem vegna hennar njóta viðuráðanlegra afborgana um hver mánaðamót. Þess vegna þarf að ráðast í nauðsynlegar breytingar á peningastefnu landsins sem fela í sér löngu tímabæra málbindingu íslensku krónunnar, eins og við í Viðreisn höfum stutt og stöðugt boðað.

Íslensk heimili eiga betra skilið en óbreytt ástand alltof hárra vaxta og verðtryggingar. Viðreisn vill meira og betra fyrir heimilin í landinu.



Íslensk heimili eiga betra skilið en óbreytt ástand alltof hárra vaxta og verðtryggingar.



Aðalfundur

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.
heldur framhaldsaðalfund mánudaginn
11. september kl. 16:00 í Björtuloftum.

Dagskrá: Almenn aðalfundarstörf.

Júlídeilan

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson

Júlídeilan íslenska er eins og fyrsta haustlægðin, jafn óvænt og hún er fyrirsegjanleg. Hún er alltaf upp á líf og dauða, háð til síðasta manns og barist um hvert hús. Hún er knúin áfram af einhvers konar blöndu af leiðindum og lífsgleði. Júlísólin skín á okkur alla daga og allar nætur og tilveran rennur saman í eitt mók. Landsmenn eru á þönum við að slaka á. Stundum verður slökunin of yfirþyrmandi; og fólk sér ekki fram á að komast yfir alla þessa slökun og þá er tilvalið að demba sér í gott rifrildi um málefni sem manni er eiginlega alveg sama um.

„Enn eitt dæmið...“

Júlídeilan getur snúist um hundahald, lambakjöt, stafsetningu, göngugötur, lúpínu, lausagöngu katta – nánast hvaðeina. Deilan er jafnan marglaga; og snýst oft um eitthvað annað en hún er um; ídulega er hún um eitthvað sem aldrei er nefnt, kannski jafn einfaldan hlut og gagnkvæma andúð.

Stundum liggur djúp sprunga undir ágreiningsefninu: sjálfsmynd þjóðar, sveit gegn borg, fyrirkomulag atvinnulífsins. Og auðvitað liggur þarna að baki ágreiningur um það hvernig Íslendingar sjá sig sem þjóð meðal þjóða; hvað tíðkast hjá öðrum þjóðum – sem er þá algild mælistika á rétt og rangt: „Aðrar þjóðir hafa þetta ekki svona,“ segir þá einhver ábúðarmikil rödd og við hin kinkum þá óðara kolli yfir því og sjáum undir eins að þetta getur ekki gengið svona.

Júlídeilan er oft um umhugsunarverð og jafnvel skemmtileg efni en hún er háð af heift, ágreiningur er dreginn fram og þússaður af alúð og natni og reynt er að sneyða hjá framsetningu sem kynnir að leiða til sameiginlegrar niðurstöðu, ekki síst með þeirri aðferð að hafa sjálfan samræðugrundvöllinn síkvikan. Umfram allt þarf maður að hafa mjög ákveðna en um leið óljósa skoðun. Maður þarf að setja hana fram á umbúðarlausan og ógrandi hátt, helst með dálitlum skammti af skætingi. Allir þátttakendur umræðunnar eru sárhneykslaðir: hver á öðrum, á málefnum, á því „hvernig þetta er alltaf hreint hérna hjá okkur“, á því hvernig viðkomandi mál er „enn eitt dæmið“ um eitthvað sem er ekki gott – að ógleymdri „íslenskri umræðuhefð“. Alltaf er vitnað í kaflann í Innan-sveitarkróniku um hana og hinn aðilinn talinn sá sem setur hljóðan þegar kemur að kjarna málsins.

Að afstaðinni deilu verða allir aðilar svolítið kindarlegir, eins og fólk sem hefur gert einhvern óskunda á fyllirí en man ekki fyllilega hvað það var. Ágúst er þá notaður til að jafna sig áður en siglt er inn í september, og vinnuna.

Veggurinn

Að þessu sinni snerist Júlídeilan um vegg á Skúlagötu fjögur. Rokkhátíð sem kennir sig við íslenskar öldur ljósvakans stóð fyrir því fyrir nokkrum árum að máluð var mynd á þennan vegg af sjómanni, sem var skemmtilegt framtak og vel við hæfi, enda húsið í seinni tíð verið athvarf fyrir alls konar umsýslu sem tengist sjávarútvegi. Sjálfur tengi ég þó húsið ævinlega við starfsemi Ríkisútvarpsins og þá einkum Fréttastofuna þar sem móðir mín vann. Mér hefði því fundist fara vel á mynd af henni á téðum vegg og Ragnheiði Ástu og Jóni Múla. En sjómaður var það. Svo var málað yfir myndina.

Einhvern veginn kvisaðist að íbúi þar í grennd, Hjörleifur Guttormsson, hefði ítrekað kvartað til borgaryfirvalda vegna myndarinnar, vitnað í alls konar pergament og parafraga af sinni

alkunna málaþingju og krafist þess að myndin yrði fjarlægð.

Fólk dró þá ályktun að hin deiga borgarstjórn hefði orðið við umleitunum Hjörleifs og varð málið fljótlega í huga margra að „enn einu dæminu“. Þetta var dæmi um eftirlátssama borgarstjórn – um bannóða borgarstjórn – um áhrif og völd frekra karla; bannár-áttu gamalla kommúnista sem ekki vilja lit og líf í samfélaginu heldur bara gráma og einhæfni. Hjörleifur svaraði fullum hálsi og beindi spjótum sínum einkum að fréttastofu Ríkisútvarpsins, sennilega vegna þess að hann skrifaði

í Moggann og hefur talið sig þurfa að næra hina landskunnu þráhyggju ritstjórans um téða fréttastofu.

Allt logaði á Facebook og twitter lækóhólistarnir þar kepptust við að skrifa sem hnytnasta statusa um Hjörleif, sem hafði svo sem ekki gert annað en að nýta sér borgaraleg réttindi sín og kvarta yfir því sem honum þótti miður fara. Skyndilega var skollin á sigild Júlídeila, þar sem öllum var mjög heitt í hamsi og skothriðin dundi úr öllum hornum – og í öll horn. Málið var „enn eitt dæmið“. Fólk skiptist í fylkingar eftir því hvort því þótti viðkomandi

mynd falleg eða ljót, smekklaus eða verðugur minnisvarði. Sumir töldu að þarna kæmi fram andúð fulltrúa gilda hins gamla sveitasamfélags á táknum mynd sjávarútvegsins sem gegnum aldirnar hefði einn skapað verðmæti hér á landi. Aðrir sáu málið sem tilraun valdsins til að binda hina skapandi hönd og hefta tjáningarfrelsið. Enn aðrir töldu veggmyndina listrænan átroðning og særandi fyrir feðurarskyn þess sem mátti daglega horfa upp á þessa fyrirmunun. Allir sem tóku til máls töluðu um „enn eitt dæmið“.

Smám saman hljóðnaði svo deilan

og fólk varð uppiskroppa með ný ádeiluefni varðandi þessa lítillfjörlegu mynd og Hjörleif. Og enginn tók eftir því þegar heyrðist lágmælt skýring frá hússtjórn Skúlagötu fjögur. Það kom sem sé á daginn að kominn hafði verið tími á viðhald hússins, myndin að verða ónýtt enda ekki gerð til að endast lengur en nokkur ár – og því hafði hússtjórnin tekið þá ákvörðun að mála vegginn bara hvítan. Og þangað til kemur að næstu mynd – næstu deilu – þurfum við að horfa á hvítan vegginn og hugsa upp næsta dæmi um „enn eitt dæmið“.



HONDA
The Power of Dreams

CR-V

Sumarauki



Sumarauki að verðmæti

kr. 500.000

fylgir öllum Honda CR-V í ágúst*

Honda CR-V Elegance Navi
4x4, bensín, sjálfskiptur kr. 5.590.000

Honda CR-V Elegance Navi
4x4, dísil, sjálfskiptur kr. 5.990.000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.

Já, og meira fyrir peninginn.



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is


Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bilver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum



EM Í KÖRFUBOLTA  31. ÁGÚST-17. SEPT.

TAKK ÍSLAND

Landslið karla í körfubolta flaug út í morgun, en strákarnir taka nú í annað sinn þátt í Evrópumótinu. Domino's er stoltur styrktaraðili íslensks körfubolta. Áfram Ísland!



Domino's

Á myndina vantar:

HRAFNHILDI HILMARSDÓTTUR, mömmu Loga

LUDMILU P. ERMOLINSKAYA, mömmu Pavels

GUÐRÚNU S. TRYGGVADÓTTUR, mömmu Tryggva Snæs

og GUÐRÚNU E. SIGMARSDÓTTUR, mömmu Arnars

BERGLIND J. MAGNÚSDÓTTIR
mamma Ægis Þórs

ÞÓRUNN S. JÓHANNSDÓTTIR
mamma Ólafs

INGIGERÐUR JÓNSDÓTTIR
mamma Jóns Arnórs

BRYNDÍS PÉTURSDÓTTIR
mamma Hauks Helga



EM Í KÖRFUBOLTA  31. ÁGÚST-17. SEPT.

TAKK MAMMA

Að baki landsliðinu eru stoltar mæður sem í gegnum árin hafa stutt strákana, alið þá upp, hughreyst og gert þá að betri mönnum. Við getum öll verið þakklát þeim.

EDNA MARÍA JACOBSEN
mamma Kristófers

HAFDÍS LILJA
PÉTURSDÓTTIR
mamma Hlyns

FANNEY ÚLFLJÓTSDÓTTIR
mamma Brynjars Þórs

BÁRA SVAVARSDÓTTIR
mamma Harðar Axels

KATRÍN AXELSDÓTTIR (d. 1994)
mamma Axels

MARGRÉT ELÍASDÓTTIR
mamma Martins

SVANDÍS GYLFADÓTTIR
mamma Elvars Más



Domino's®

Það voru allir sigurvegarar í peningabardaga McGregor og Mayweather í Las Vegas



Hörkubardagi Peningabardaginn á milli Conor McGregor og Floyd Mayweather um helgina stóð undir væntingum. Enginn farsi heldur hörkubardagi þar sem Írinn vann sér inn virðingu margra með frammistöðu sinni. Það dugði þó ekki til því Mayweather kláraði bardagann í tíundu lotu þegar McGregor var alveg búinn á því. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við verðum að spila af hörku

Það kom ekkert á óvart er Craig Pedersen valdi EM-hópin sinn í gær. Tveir lykilmenn eru að glíma við meiðsli í aðdraganda mótsins. Þjálfarinn segir að liðið þurfi að leggja harðar að sér en andstæðingurinn.

KÖRFUBOLTI Craig Pedersen landsliðsþjálfari tilkynnti formlega í gær hvaða tólf leikmenn fara til Finnlands í dag og spila á EM sem hefst þar í vikunni. Það kom ekkert á óvart í vali þjálfarans sem hélt sig við sömu menn og í síðustu æfingaleikjum.

„Við vorum búnir að ákveða hópinn áður en við fórum í síðustu ferð til Ungverjalands og Litháen. Við vorum nokkuð vissir er við fórum til Rússlands en það var smá áhyggju-efni með meiðsli sem við urðum að taka inn í reikninginn þar,“ segir Pedersen en þó svo hann sé kominn með sinn tólf manna hóp þá eru enn smá meiðslaáhyggjur.

Tveir tæpir

„Haukur Helgi er ekki nógu góður í bakinu en mun æfa í dag. Jón Arnór er líka slæmur í náranum en hann verður betri með hverjum deginum. Hann ætti því að geta spilað með okkur.“

Íslenska liðið hefur náð góðum undirbúningi fyrir mótið. Æft mikið saman og spilað fjölda leikja. Þjálfarinn er ánægður með það.

„Við náðum strax góðu flæði. Við höfum spilað fina leiki og sérstaklega gegn Rússum og Litháum. Þá sýndum við þann baráttuanda sem þarf alltaf að vera í liðinu. Í Ungverjalandi spiluðum við sautján frábærar mínútur en síðan tóku þeir okkur í gegn en við sýndum hvað við getum gegn bestu liðunum,“ segir Pedersen en íslenska liðið tapaði þessum leikjum. En hefur hann



Pedersen ásamt aðstoðarþjálfurum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekkert áhyggjur af andlegu hliðinni fyrir mótið?

„Það má ekki gleyma því að við vorum að spila við frábær lið. Litháen er þriðja besta lið heims með tvo NBA-menn í byrjunarliðinu. Við verðum að nýta það sem við við höfum. Spila af hörku og með miklum krafti. Við verðum líka að spila vel saman sem lið og ef það tekst þá náum við vonandi að hanga í andstæðingum okkar.“

Skilja allt eftir á gólfinu

Andstæðingar Íslands í Finnlandi eru allir mjög sterkir og Pedersen segir að stundum geti farið svo að

besti leikur Íslands dugi ekki til að vinna leik.

„Þetta eru góð lið og hafa mikla yfirburði á okkur í ákveðnum þáttum. Þau hafa því getuna til þess að spila ekki sinn besta leik en geta samt unnið okkur. Við verðum því að skilja allt eftir á gólfinu. Meira getum við ekki gert og vonandi skilar það okkur sigri eða sigrum,“ segir Pedersen en hans lið er ekki eins óskrifað blað líkt og það var síðast er Ísland komst á EM.

„Við verðum að mæta til leiks með sama hugarfar og síðast. Að við séum minna liðið sem þurfi að leggja meira á sig en andstæðingur-

inn. Þannig vinnum við fleiri lausa bolta og gefum okkur betra tækifæri í leikjunum en ella. Þessi riðill er jafn sterkur og riðillinn sem við vorum í síðast. Ef við spilum vel þá getum við unnið leik en þessi lið eru öll alltaf sigurstranglegr en við. Ég vil sjá okkur spila vel, leggja okkur alla fram og sjá hverju það skilar okkur.“

Jón Arnór allur að koma til

Jón Arnór Stefánsson var með umbúðir utan um hægri fótinn eftir æfingu liðsins í dag. Standið á honum hefur ekki verið nógu gott en hann segist allur vera að koma til.

„Ég er búinn að vera meiddur í öllum undirbúningnum en hef síðustu tvær vikur gert mikið meira. Ég er enn í hreyfingu sem ég er að stýra sjálfur. Ég er ekki farinn að taka á því af fullu. Ég tel mig geta byrjað af fullu núna og er bjartsýnn á að ég geti hjálpað liðinu. Mínn væntingar eru að komast í nógu gott stand til þess að geta hjálpað liðinu. Vera til taks,“ segir Jón Arnór en hvaða væntingar hefur hann fyrir mótið?

